<ul style="list-style-type: none"> • fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu • lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina 	<ul style="list-style-type: none"> • aðstoðar nemendur við að finna sér lesefni við hæfi og ræðir við þá um mikilvægi þess að ná að lesa af áhuga • er nemendum góð fyrirmynd í lestri m.a. með því að kynna fyrir þeim fjölbreyttar og áhugaverðar bækur 		
<p>Samskipti</p> <ul style="list-style-type: none"> • haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita slgengustu kurteisisvenjum • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur nemanda næst • skipst á upplýsingum og skoðunum við bekkjarsystkini eða kennara um efni tengt náminu • tekið þátt í sa,skiptaleikjum og unnið samtalsæfingar 	<ul style="list-style-type: none"> • leggur áherslu á að öll samskipti í kennslustofunni fari sem mest fram á ensku • fer yfir hvaða þættir skipta máli í góðri framsögn og þjálfar nemendur reglulega • skipuleggur kynningar á fjölbreyttum verkefnum með áherslu á skýran flutning • hvetjur til virðingar og jákvæðni í öllum samskiptum 	<ul style="list-style-type: none"> • æfa sig í að tjá skoðanir sínar bæði í töluðu og rituðu máli • sýni öðrum tillitssemi og virðingu við flutning á efni s.s. á kynningum 	
<p>Frásögn</p> <ul style="list-style-type: none"> • í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða se, unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum • sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt • endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. • flutt atriði, flutt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa 	<ul style="list-style-type: none"> • Fer yfir hvaða þættir skipta máli í góðri framsögn og þjálfar þá reglulega með nemendum • sýnir nemendum ýmis dæmi um fyrirmyndar frásagnarmáta s.s. leikara, fyrirlesara, lesendur og aðra • leyfir nemendum að hlusta á ólíkar mállískur og ólíkan hreim frá mismunandi enskumælandi löndum sem nemendur geta spreytt sig á að þekkja 	<ul style="list-style-type: none"> • æfa framsögn • kynna verkefni • geta tekið þátt í skipulögðum verkefnum 	

<p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi • skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inngang og tilgang með skrifunum • skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesip og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við • tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu • leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín 	<ul style="list-style-type: none"> • leggur áherslu á vandaða skrift við handskrifuð verkefni • kynnir fyrir nemendum hjálpartæki við ritun, s.s. orðabækur og leiðréttingaforrit • kennir ritun á fjölbreyttu textaformi • hvetur nemendur til að tjá sig á rituðu máli í gegnum mismunandi verkefni og að semja eigin texta • leyfir verkefnaskil einnig á rafrænu formi 	<ul style="list-style-type: none"> • æfa sig í margvíslegum ritunarverkefnum um mismunandi efni, bæði sjálfvalið sem og kennarastýrt • taka tilsögn um notkun orðabóka og annarra hjálpartækja við að rita á skýru og réttu máli • þjálfar sig í að beita blæbrigðaríku máli og leitast við að auka við orðaforða sinn 	
<p>Menningarlæsi</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum • sýnt fram á að hann þekkir nokkuð vel til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni • sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir 	<ul style="list-style-type: none"> • kynnir fyrir nemendum ólíka menningarheima þar sem enska er töluð og menning þessara landa borin saman • tengir saman ólík enskumælandi lönd og gefur nemendum mismunandi verkefni til að fjalla um m.a. í tengslum við áhugasvið nemenda • tengir saman tungu, sögu og menningu enskumælandi lands, helstu einkenni, tónlist, íþróttir og annars konar menningu 	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfar sig í að setja sig inn í ólíka menningarheima og undir hvaða áhrifum fólk skrifar og hvað hefur áhrif á skrif ólíkra einstaklinga • reyna að átta sig sem best á útbreiðslu tungumálsins, hvaða hvatar liggja að baki, hvaða áhrif enskan hefur á menningu viðkomandi landa og öfugt • tileinkar sér upplýsingar s.s. í gegnum verkefni hvernig orðaforðiinn eykst og þróast. 	

<p>takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma</p> <ul style="list-style-type: none"> • hefur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska... 	<ul style="list-style-type: none"> • sýnir fram á tengsl ensku innbyrðis og við skyld mál 		
<p>Námshæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> • sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu • beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða • beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf • nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi • unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja • nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. 	<ul style="list-style-type: none"> • aðstoðar nemendur við að skipuleggja nám sitt og hvetur þá til góðra verka • beitir einstaklingsbundnum kennsluáferðum og sér til þess að allir fái kennslugögn í viðum skilningi við hæfi • gengur úr skugga um að allir skilji markmiðin í náminu • ýtir undir námsvitund og sjálfstraust nemenda til að takast á við krefjandi verkefni og áskoranir í náminu með uppbyggilegum hætti 	<ul style="list-style-type: none"> • tileinkar sér jákvætt viðhorf til námsins • þjálfar beitingu sjálfsmats og jafningjamats og reyna að nýta sér reynslu sína til að byggja á frekari þekkingu • æfir bæði sjálfstæð vinnubrögð sem og að vinna með öðrum • lærir að skilja hvaða takmörkum ólíkar námsaðferðir eru háðar 	

1. og 2. Bekkur

Íþróttir

Kennari: Harpa Helgadóttir

Hæfniviðmiði	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Við lok 4. bekkjar getur nemandi að geta:</p> <p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi	<ul style="list-style-type: none">Æfingar með ýmis áhöld eins og gjarðir, sippuband og bolta Stöðvar og áhaldabrautirBoltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir. gólfæfingar, hlaup, stökk, sveiflur og klifur	<ul style="list-style-type: none">Virkni og vinnusemi, símat.Verklegt próf sem mæla þol, styrk, snerpu, liðleika, samhæfingu og knattækni
<p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.	<ul style="list-style-type: none">Fjölbreyttir leikir sem krefjast mismunandi reglna, samvinnu og samskipta. Tjái skoðun sína á æfingum og leikjum.	<ul style="list-style-type: none">Virðing, viðleitni og viðhorf, símat
<p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none">Útskýrt líkamlegan mun á kynjum.Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir.Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.	<ul style="list-style-type: none">Fræðsla og umræður um umhirðu líkamansÞjóðlegir leikir.	<ul style="list-style-type: none">Virðing, viðleitni og viðhorf, símat
<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p> <ul style="list-style-type: none">Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúss og brugðist við óhöppum	<ul style="list-style-type: none">Þjálfun í að þvo sér, þurrka, klæða sig, ganga frá fötum og handklæði.Þjálfist að fara eftir merkjum kennara í leikjum.	<ul style="list-style-type: none">Virðing, símat

1. og 2. Bekkur

Sund

Kennari: Harpa Helgadóttir

Kennsluaðferðir: Hver tími er 60 mínútur að lengd. Kennslan fer fram í formi leikja, tækniþjálfunar og stöðvapjálfnar. Áhersla er á vatnsaðlögun, hreyfinám og stigbundna sundkennslu. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Lögð er áhersla á virðingu, ábyrgð og vinsemd.

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Við lok 4. bekkjar getur nemandi að geta:</p> <p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">Við lok 1. bekkjar getur nemandi: Tekið þátt í stöðluðum prófum Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.Við lok 2. bekkjar getur nemandi: Tekið þátt í stöðluðum prófum, Kafað, flotið, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.	<ul style="list-style-type: none">Nemandi þjálfir sig í að fara eftir reglum á sundstöðum.Við lok 1. bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti:<ul style="list-style-type: none">Staðið í botni og andað að sér, fært andlitið í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja.Ganga með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.Skriðsundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja.Við lok 2. bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti:<ul style="list-style-type: none">Marglyttuflot með því að rétta úr sér.10 m bringusund með eða án hjálpartækja.10 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja.Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, að lágmarki 2,5 metra.Hoppa af bakka í laug.	<p>Stöðumat</p> <ul style="list-style-type: none">Fer fram í byrjun á hæfni til að fara í kaf og fljóta. <p>Leiðsagnarmat</p> <ul style="list-style-type: none">Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt: Einnig er gefin umsögn um virkni, hegðun og hæfni nemanda til að fara eftir fyrir mælum.
<p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum,Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.		
<p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none">Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun,Útskýrt líkamlegan mun á kynjum,Notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu,Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum,		
<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p> <ul style="list-style-type: none">Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.		

3. og 4. bekkur

Íslenska

Umsjónarkennari: Einar Bjarki Sigurjónsson

Kennsluaðferðir: Á fyrstu árum grunnskólagöngunnar leggjum við megináherslu á íslenskukennslu og vinnum við áfram m.t.t. hugmyndafræði Byrjendalæsis. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Við veitum einstaklingsmiðaða kennslu og gengið er út frá því að börn læri með misjöfnum hraða, hafi styrkleika á misjöfnum sviðum og mismunandi áhuga. Stigskiptur stuðningur í námi er mikilvægur, frá sýnikennslu til sjálfstæðra vinnubragða. Lestrarhjálp sem leiðir smátt og smátt til sjálfstæðs lestrar. Ritunarhjálp sem leiðir smátt og smátt til sjálfstæðrar ritunar.

Samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni og skólastefnan eru samþætt kennsluáætlunum.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Heimanám á yngsta stigi er í formi lestrar þar sem samstarf á milli heimilis og skóla skiptir sköpum í eflingu lestrarfærni nemenda. Það er stefna Valsárskóla að lestrarfærni sé forsenda annars náms og því er lögð áhersla á að allir nemendur nái góðri lestrarfærni sem nýtist þeim til gagns og gamans. Nemendur eru aðstoðaðir við að finna lestrarefni við hæfi og lögð er áhersla á daglegan heimalestur bæði upphátt og í hljóði. Annað heimanám er undir nemendum og foreldrum komið.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 4. bekkjar.

Námsþáttur	3. bekkur	4. bekkur
Talað mál, hlustun og áhorf	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• beitt skýrum og áheyrulegum framburði,• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,• sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,• nýtt sér og endursagt efni á afrænu formi,• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi	

<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Getur endursagt efni sem hlustað hefur verið á • Getur sagt frá eftirminnilegum atburði. • Getur tjáð sig á leikrænan hátt frammi fyrir hópi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur nýtt sér efni af rafrænu formi. • Getur sagt frá upplifun sinni á upplestri, ljóði og söngvum. • Getur beitt skýrum og áheyrilegum framburði. • Getur tjáð og fært rök fyrir skoðun sinni á fyrirfram gefnu viðfangsefni.
<p>Lestur og bókmenntir</p>	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr, • nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi, • tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, • valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings, • lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum, • beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap, • beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu, • aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi, • lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum, • valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. 	
<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kann alla stafi og hljóð þeirra. • Getur fundið fjölda atkvæða í orði. • Getur greint fyrsta, síðasta og miðhljóð í þriggja stafa orðum. • Getur tengt allt að fjögur hljóð í orði. • Þekkir algengar orðmyndir. • Les og parar mynd við orð. • Getur lesið einfaldan texta a.m.k. þriggja orða setning. • Raddlestur, les 50 atkvæði. 	<ul style="list-style-type: none"> • Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni. • Raddlestur, les 70-150 atkvæði. • Kann lestrarmerkin punkt, komma og spurningarmerki og tekur tillit til þeirra í lestri. • Greinir og les rétt tvöfaldan samhljóða í orðum. • Les með eðlilegum framburði –ng og –nk orð, –fl og –fn orð. • Dregur aðalatriði út úr texta munnlega. • Þekkir hugtakið sögupersóna. • Spyr spurninga úr efnisgreinum. • Spáir fyrir um framhald efnis.
<p>Ritun</p>	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, • nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi, • samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð, • beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi, • nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis, • skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðferðum í ritvinnslu • skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. 	
<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað einfalda frásögn eftir mynd (3-4 setningar). 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað einfaldan texta, s.s. sögu, frásögn, ljóð hjálparlaust. • Getur skrifað texta á tölvu í Word forriti. • Getur skrifað sögu og lesið hana upp fyrir aðra. • Setur punkt í lok setninga. • Getur dregið rétt til stafs þ.e. skriftaráttin er frá vinstri til hægri, stafirnir snúa rétt og bil sé á milli orða.

Málfræði			<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert einfalt hugtakakort um þekkt efni.
	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska, • þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, • raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag, • gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða, • leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu, • búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta, • greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta, • leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki, • gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Veit hvað er stafur, orð og setning. • Getur búið til einföld samsett orð. • Kann íslensku stafrófsvísurnar. • Getur rímað og farið í orðaleiki. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir muninn á andheiti og samheiti. • Þekkir sérnöfn og samnöfn. • Getur nýtt sér stafrófið við ýmsa vinnu, t.d. leit og skipulag. • Þekkir málsgrein þ.e. að málgrein byrjar á stórum staf og endar á punkti. 	

3. og 4. Bekkur

Textíll

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 4. bekkjar.

Námsþáttur	1. - 4. bekkur
Handverk aðferðir og tækni.	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,• unnið úr nokkrum gerðum textílefna,• unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
Sköpun hönnun og útfærsla.	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,• unnið úr nokkrum gerðum textílefna,• unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
Menning og umhverfi.	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt,• sagt frá nokkrum tegundum textílefna,• fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna,• Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.
Menningarlæsi.	Við lok 4. bekkjar getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar,• hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,• unnið einföld verkefni í hópi,• útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið,• gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans,• fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín,• tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,

- gengið frá eftir vinnu sína,
- lagt mat á eigin verk.

3. og 4. Bekkur

Heimilisfræði

Kennari: Bryndís Hafpórsdóttir

Kennsluaðferðir: Í heimilisfræðitímum fer fram sýnikennsla og verkleg kennsla auk verkefnavinnu. Yfirleitt er unnið í hópum og umræður nokkuð notaðar. Í yngstu bekkjunum er lögð áhersla á einföld verkefni sem nemendur geta yfirfært á heimilið sitt.

Námsmat: leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar sem kennd eru á tímabilinu 3.-4. bekkur.

Námsþáttur	3. - 4. bekkur
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none">• farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif• tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshættivalið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan• tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.
Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none">• sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi• farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld• nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.• útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none">• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni• skilið einfaldar umbúðamerkingar.
Menningarläsi	<ul style="list-style-type: none">• unnið einföld verkefni í hópi• útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið• gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans• gengið frá eftir vinnu sína• unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar• hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum• fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín• tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt• lagt mat á eigin verk.

3. og 4. Bekkur

Hönnun og smíði

Umsjónarkennari: Einar Bjarki Sigurjónsson

Kennsluaðferðir: Sýnikennsla og æfingar

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar sem við höfum að leiðarljósi í smíðatímum.

Námsþáttur	3. - 4. bekkur
Handverk	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,• gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með.
Hönnun og tækni	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,• unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,• framkvæmt einfaldar samsetningar,• bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast hans daglega lífi,• greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
Umhverfi	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,• beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

3. og 4. Bekkur

Náttúrugreinar

3. og 4. Bekkur

Útiskóli

3. og 4. Bekkur

Samfélagsgreinar

3. og 4. Bekkur

Stærðfræði

Umsjónarkennari: Einar Bjarki Sigurjónsson

Kennsluaðferðir: kennsluaðferðir eru m.a. stigskiptur stuðnigur, innlög og bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir og spil, þrautir, Sproti 3a,3b,4a,4b, útikennsla, verklegar æfingar og þjálfunarforrit.

Kennsluáætlanir: Á Mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í stærðfræði og eftirfylgni í kjölfarið. Markmið eru metin í mentor og byrtast á hæfnikortum nemenda í lok hvernar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 4. bekkjar.

Námsþáttur	3. bekkur	4. bekkur
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræðileyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, nota áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndirsett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífirökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra	
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">geta leyst stærðfræðiþrautir með viðeigandi tölum, með áherslu á tölur 0-20 og rætt þærgeta unnið með talnamunstur með áherslu á tölur 0-20	<ul style="list-style-type: none">geta fundið andhverfar aðgerðir og sagt hverjar þær erugeta notað samlagningu og frádrátt við úrlausn dæma.geta beytt hugareikningi við úrlausn dæmaKynnast því að setja upp dæmi og skrá
Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirratúlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt máltekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefninotað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum	
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">kunna og skila hugtökin og aðgerðarmerkin jafnaðarmerki, samlagning og frádráttur.kynnast notkun á hugtökunum jafnt og, stærra en og minna en.	<ul style="list-style-type: none">Kunna og skilja hugtökin jafnt og, stærra en og minna en
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningarkannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnumlesið og rætt umeinfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuðundirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði	

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á forsendum og hugmyndum nemenda • notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gera sér grein fyrir verðgildi peninga • borið skynbragð á hverjir möguleikar og takmörk stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum 	
	<ul style="list-style-type: none"> • geta teiknað, skrifað eða sýnt fjölda á ólíkan hátt • geta notað talnalinur, numicon kubba, rökkubba og fl. sem hjálpargögn við samlagningu og frádrátt 	<ul style="list-style-type: none"> • finna með aðstoð stærðfræði hugtök í umhverfi sínu • geta notað talnalinur, numicon kubba, rökkubba og fl. sem hjálpargögn við samlagningu og frádrátt
Tölur og reikningur	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman • notað tugakerfisríthátt • reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt • tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæma • leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum • gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld almenn- og tugabrot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi 	
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • þekkja tölur í umhverfi sínu • geta talið upphátt upp í 100 • geta talið á heilum tug • geta sagt til um hvaða tala kemur á undan og eftir uppgefinni tölu • kunna tölutákn upp í 20 • geta lagt saman og dregið frá tölur frá 0-20 • geta skipt tölum í jafna hópa • kynnast hugtökunum tugur og eining • kynnast hugtökunum oddatölur og sléttar tölur 	<ul style="list-style-type: none"> • geta talið, raðað, lesið og skrifað tölur upp í 200 • geta lagt saman og dregið frá tugi og einingar • geta talið fram og til baka á öðrum tölum en heilum tölum • kunna muninn á oddatölu og sléttri tölu • kunna hugtökin tugur og eining • geta flokkað tölur eftir tilteknum eiginleikum, t.d. í oddatölur, tugatölur o.fl.
Algebra	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti • notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð • fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar t.d. með því að nota áþreifanlega hluti 	
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • geta fundið mynstur og form í umhverfinu • þjálfast í að finna týnda þáttinn • þekkja einföld talnamynstur og geta bætt inn tölum sem vantar 	<ul style="list-style-type: none"> • geta útskýrt munnlega mynstur í umhverfi sínu • geta áttað sig á muninum á hugtökunum tvöfaldur og helmingur
Rúmfræði og mælingar	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu • gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum teiknað skýringamyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu • unnið með mælikvarða og lögun • áætlað og mælt lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með einföldum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða • rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn • speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn 	

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar 	
	<ul style="list-style-type: none"> • kynnast því að mæla með óstöðluðum einingum • þekkja algengustu rúmfræðiform og benda á þau í umhverfi sínu • geta borið saman lengdir á ólíkum hlutum • þekkja ólík form í umhverfinu og flokka eftir eiginleikum • geta notað hugtök til að lýsa staðsetningu • kynnast speglun • kynnast notkun og útliti peninga 	<ul style="list-style-type: none"> • geta mælt með óstöðluðum einingum, s.s. fingurbreidd, hænuskrefum, A4 blöðum • þjálfist í að notað peninga við kaup og sölu • geta lesið heilan og hálfan tíma á skífuklukku • þekkja þrívíddarformin sívalningur og kúla • þekkja tvívíddarformin hring og mismunandi hyrninga • þekkja horn brúnir og fleti • kunna að spegla
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none"> • Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta: • safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið • talið flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit • tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit bæði eigin og annarra • tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð • gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum 	
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfist í að safna upplýsingum, flokka þær og setja upp í töflur og gröf. • Geta sett niðurstöður í súlurit 	<ul style="list-style-type: none"> • geta safnað upplýsingum, flokkað þær og sett upp í töflur og gröf

3. og 4. Bekkur

Upplýsinga og tæknimennt

Umsjónarkennari: Svala Einarsdóttir

Kennsluaðferðir: ýmsar verklegar æfingar og þjálfunarleikir, sambætt öðrum námsgreinum.

Námsmat: Leiðsagnarmat, símat kennara og sjálfsmat nemenda. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Hæfniviðmið	Leiðir (kennari)	Leiðir (nemendur)	Námsmat
<p>Við lok 4. bekkjar getur nemandi að geta:</p> <p>Vinnulag og vinnubrögð</p> <ul style="list-style-type: none">nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag,sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.	<ul style="list-style-type: none">kynna fyrir nemendum ýmsar síður eins og mms.is, google, youtube, storytelkynna fyrir nemendum síður eins og gyldendal, mms.is, google, hugtakakort í Ipad, Story creator o.fl sem nýtist í námiskipuleggja einstaklings- og samvinnuverkefni og nemendur eru hvattir til að hjálpa hver öðrumhvetja nemendur til að nota fjölbreyttan tæknibúnað í allri vinnu eins og tölvur, Ipad, prentara, skanna, skjávarpaleggja fyrir æfingar í fingrasetningu	<ul style="list-style-type: none">nýta tæknina og búnað á fjölbreyttan hátt í hinum ýmsu verkefnum, við upplýsingaöflun, vinnu og miðlunvinna sjálfstætt og þora að prófa og “fikta” við t.d. forrit og tækivinna í samvinnu við aðra og hjálpa öðrumþjálfra rétta fingrasetningu	<ul style="list-style-type: none">sjálfsmatfingrasetningarverkefnileiðsagnarmat
<p>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</p> <ul style="list-style-type: none">leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,unnið með heimildir,nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.	<ul style="list-style-type: none">kynna fyrir nemendum leiðir til að afla sér upplýsinga m.a. á netinu og í bókumleggja fyrir verkefni af vef eins og inná gyldendal.no, mms.is, leikjasíðum og öppumkenna nemendum með stigskiptum stuðningi hvaða reglur gilda við heimildaöflun og einfalda skráningu heimildakynna fyrir nemendum google skjöl og helstu verkfæri	<ul style="list-style-type: none">afla sér upplýsinga, bæði af neti og í bókumvinna með rafrænt og gagnvirkt námsefnivinna með upplýsingar og heimildirvinna verkefni þar sem setja á upp heimildaskrásetja upp einföld verkefni og skrá heimildir samkvæmt fyrir mælumvinna verkefni í töflureikni	<ul style="list-style-type: none">sjálfsmatheimildaritgerð - leiðsagnarmat

	<ul style="list-style-type: none"> • kynna fyrir nemendum google töflureikni og hvernig þeir geta nýtt forritið til að setja fram töluleg gögn 		
<p>Tækni og búnaður</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna, • notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu • nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð. 	<ul style="list-style-type: none"> • kenna nemendum að nota google skjöl og google töflureikni • kynna fyrir nemendum t.d. google myndir, Imovie, Stop motion, Book creator • kynna google sites 	<ul style="list-style-type: none"> • vinna verkefni í skjölum og töflureikni • æfa sig í myndvinnslu, stuttmyndagerð með ýmsum forritum • æfa sig í gerð og notkun heimasíðu 	<ul style="list-style-type: none"> • sjálfsmat
<p>Sköpun og miðlun</p> <ul style="list-style-type: none"> • lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi, • notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja samræður um upplýsinga- og miðlalæsi • kynna forritin google sites, google skyggjur, Imovie, Stop motion, Book creator og Kahoot fyrir nemendum 	<ul style="list-style-type: none"> • eiga samræður um upplýsinga- og miðlalæsi • æfa sig að miðla með fjölbreyttum leiðum 	<ul style="list-style-type: none"> • sjálfsmat
<p>Siðferði og öryggismál</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga, • farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja samræður um ábyrgð um meðferð og dreifingu gagna • sýna nemendum stuttmyndir um tölvuöryggi og skipuleggja samræður um netnotkun, samskiptamiðla, reglur og siðferði út frá þeim 	<ul style="list-style-type: none"> • eiga samræður um ábyrgð þeirra í meðferð upplýsinga og heimilda • sýna ábyrgð í notkun samskiptamiðla og dreifingar efnis 	<ul style="list-style-type: none"> • sjálfsmat

3. og 4. Bekkur

Sjónlistir

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 4. bekkjar.

Námsþáttur

1. - 4. bekkur

Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:

- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,
- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum,
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,
- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,
- fjallað um eigin verk og annarra,
- þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,
- greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,
- greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,
- skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.

Hæfniviðmið

Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafslsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfa orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Þessum tengslum er lýst myndrænt hér til hliðar.

3. og 4. Bekkur

Enska

3. og 4. Bekkur

Íþróttir

Kennari: Harpa Helgadóttir

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Við lok 4. bekkjar getur nemandi að geta:</p> <p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">Gert æfingar sem reyna á þol.Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.Tekið þátt í stöðluðum prófum.	<ul style="list-style-type: none">Taka þátt í fjölbreyttum boltaleikjum og leikjum í sal og nærumhverfi.Æfingar og leikir sem efla þol, kraft, hraða og viðbragð.Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir.Æfingar og leikir sem taka fyrir jóga og slökun.Leikir sem efla leikni, útsjónarsemi og þol.Mælingar og stöðluð próf.	<ul style="list-style-type: none">Staðlaðir listar yfir mælanlega þætti sem prófað verður úr.
<p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa leikjum.Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum. Gera sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.	<ul style="list-style-type: none">Taka þátt í æfingum sem efla sjálfstraust og viljastyrk. Ýmsar keppnir.Tjái skoðun sína á æfingum og leikjum	
<p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none">Notað einföld hugtök sem tengjast íþróttum og líkamlegri áreynslu.Sótt og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir.Tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs.Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu og hjólaleiðir í nærumhverfi.Skýrt mikilvægi hreinlætis við íþróttir.Útskýrt líkamlegan mun á kynjum.Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugta og hreyfinga.Sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.	<ul style="list-style-type: none">Umræður um markmið æfinga og leikja.Fræðsla og umræður um umhirðu líkamans.Fræðsla um markmið æfinga og leikja.Útivera, ratleikir og fleira.	

Öryggis- og skipulagsreglur <ul style="list-style-type: none">• Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúss og brugðist við óhöppum	<ul style="list-style-type: none">• Þjálfun í að þvo sér, þurrka, klæða sig, ganga frá fötum og handklæði.• Þjálfist að fara eftir merkjum kennara í leikjum.• Aðstoða við að ganga frá áhöldum á réttan og öruggan hátt.• Umræður um markmið æfinga, leikja og verkefnum um gildi hreyfinga.• Fái fræðslu og þjálfun í réttri líkamsbeitingu.• Skyndihjálp.	

3. og 4. Bekkur

Sund

Kennari: Harpa Helgadóttir

Kennsluaðferðir: Hver tími er 60 mínútur að lengd. Kennslan fer fram í formi leikja, tækniþjálfunar og stöðvapþjálfunar. Áhersla er á vatnsaðlögun, hreyfinám og stigbundna sundkennslu. Kynning sundaðferða og grunnhreyfingar sundtaka aðallega í bringusundi og skriðsundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Lögð er áhersla á virðingu, ábyrgð og vinsemd.

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Við lok 4. bekkjar getur nemandi að geta:</p> <p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">Við lok 3. bekkjar getur nemandi: Tekið þátt í stöðluðum prófum, Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni. Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með hjálpartækjum stuttar vegalengdir.Við lok 4. bekkjar getur nemandi: Tekið þátt í stöðluðum prófum, Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni. Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir. <p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum,Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans. <p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none">Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun,Útskýrt líkamlegan mun á kynjum,Notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu,Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum,Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn - og afstöðuhugtaka og hreyfinga,	<ul style="list-style-type: none">Nemandi þjálfir sig í að fara eftir reglum á sundstöðum.Í lok þriðja bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti:<ul style="list-style-type: none">12 m bringusund.12 m skólabaksund með eða án hjálpartækja.6 m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram.6 m baksundsfótatök með eða án hjálpartækja.Kafað eftir hlut á 1 - 1,5 m dýpi.Í lok fjórða bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti:<ul style="list-style-type: none">25 m bringusund.15 m skólabaksund.12 m skriðsund með eða án hjálpartækja.12 m baksund með eða án hjálpartækja.Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.Stunga úr kroppstöðu af bakka eða úr stiga.	<p>Leiðsagnarmat</p> <ul style="list-style-type: none">Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt: Einnig er gefin umsögn um virkni, hegðun og hæfni nemanda til að fara eftir fyrir mælum. <p>Lokamat</p> <ul style="list-style-type: none">Einkunn gefin í tölustöfum

Öryggis- og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

5. og 6. bekkur

Íslenska

5. og 6. Bekkur

Textíll

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 7. bekkjar.

Námsþáttur	5. - 6. bekkur
Handverk aðferðir og tækni.	Við lok 7.. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,• fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum,• unnið með einföld snið og uppskriftir.
Sköpun hönnun og útfærsla.	Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,• notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,• útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum,• nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.
<p>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum • rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni • lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir • undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði • unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda • þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn • áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum 	<ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja samræður nemenda um stærðfræðiprautir, að þeir velti vöngum, rökstyðji mál sitt og komi með tillögur að lausnum • sýna nemendur fjölbreyttar leiðir við þrautalausnir, s.s. teikningar, texta og tölur og hvetja þá til að nota þá leið sem hentar hverjum og einum best hverju sinni • styðja nemendur við að nota fjölbreyttar leiðir í upplýsingaöflun í rannsóknarvinnu • láta nemendur vinna samvinnuverkefni / rannsóknarverkefni um fjármál úr daglegu lífi, lesa fræðilegan texta um stærðfræði og kynna verkefni 	<ul style="list-style-type: none"> • vinna að þrautalausnum í samvinnu við aðra, koma með tillögur og rökstyðja mál sitt • nýta fjölbreyttar leiðir við lausn þrauta • vinna rannsóknarverkefni um fjármál í samvinnu við aðra • lesa fræðilegan texta um stærðfræði • kynna verkefni fyrir öðrum 	<p>matskvarðar munnlegar/skriflegar kannanir</p>
<p>Tölur og reikningur</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman • notað tugakerfisríthátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi • skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, 	<ul style="list-style-type: none"> • Hugtök: Ræðar tölur, tugakerfi, sætiskerfi, almenn brot, tugabrot, prósent, víxlregla, tengiregla, dreifiregla, • skipuleggja samræður nemenda um hugtök, reglur, aðferðir 	<ul style="list-style-type: none"> • vinna skipulega að settum markmiðum • samræður um hugtök, reglur og aðferðir • nýta fjölbreytt gögn og aðferðir sem henta við úrlausn verkefna • nýta tölvuforrit við útreikninga 	<p>matskvarðar munnlegar/skriflegar kannanir</p>

<p>tugabrota og prósentu</p> <ul style="list-style-type: none"> • reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum • tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi • leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum • notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum • nýtt sér samhengi og tengsl reiknaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu 	<ul style="list-style-type: none"> • skapa námsumhverfi þar sem t.d. reglur, hugtök, stoðir, verkefni og fjölbreytt gögn eru aðgengileg • upprifjun, innlagnir, samræður og stuðningur við lausn verkefna • leggja áherslu á að nemendur kynnist fjölbreyttum leiðum við útreikninga og tileinki sér þær aðferðir sem henta þeim best við t.d. samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu • kenna nemendum að nota tölvuforrit eins og töflureikni við lausn verkefna 	<p>og lausn verkefna</p>	
<p>Algebra</p> <ul style="list-style-type: none"> • rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar • notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum • fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði 	<p>Hugtök: talnamynstur, myndtölur, breytur, vensl, algebra, óþekkt stærð, stæður, formúlur, jöfnur, ójöfnur, stærra en, minna en, jafnt og, víxlreglna, tengiregla, dreifiregla</p> <ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja samræður nemenda um hugtök, reglur, aðferðir • skapa námsumhverfi þar sem t.d. reglur, hugtök, stoðir, verkefni og fjölbreytt gögn eru aðgengileg • upprifjun, innlagnir, samræður og stuðningur við lausn verkefna 	<ul style="list-style-type: none"> • vinna skipulega að settum markmiðum • samræður um hugtök, reglur og aðferðir, lýsa mynstrum og venslum talna • nýta fjölbreytt gögn og aðferðir sem henta við úrlausn verkefna • rannsaka talnamynstur og geta lýst þeim með orðum, tölum, myndum og táknmáli algebrunnar • geta lýst venslum með orðum, tölum, myndum og táknmáli algebrunnar • finna lausnir á jöfnum og ójöfnum • nota bókstafi fyrir óþekktar stærðir í stæðum og jöfnum 	<p>matskvarðar munnlegar/skriflegar kannanir</p>
<p>Rúmfræði og mælingar</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði • rannsakað og greint tvívíð og 	<p>Hugtök: rúmfræði, tvívíð form, þrívíð form, flatarmyndir, þrívíddarmyndir, speglun, snúningur, hliðrun, flötur, mælikvarði, einslöggun, ummál, flatarmál, rúmmál, horn, hvöss</p>	<ul style="list-style-type: none"> • vinna skipulega að settum markmiðum • samræður um hugtök, reglur og aðferðir 	<p>Hópverkefni matskvarðar munnlegar / skriflegar kannanir</p>

<p>þríviðform og teiknað einfaldar flatar- og þríviðarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum • rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn • notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni • tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þríviða hluti 	<p>horn, gleið horn, rétt horn, gráður, mælieiningar, þyngd, tími, hitastig, hnitakerfi, punktur, lína, strík,</p> <ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja samræður nemenda um hugtök, reglur, aðferðir • skapa námsumhverfi þar sem t.d. reglur, hugtök, stoðir, verkefni og fjölbreytt gögn eru aðgengileg • upprifjun, innlagnir, samræður og stuðningur við lausn verkefna • leggja fyrir nemendur raunverkefni þar sem nemendur þurfa að rannsaka og mæla og finna flatarmál, rúmmál, ummál, ræða saman, rökstyðja og segja frá • finna raunverkefni í mælingum þar sem nemendur verða að ákvarða mælitæki, mælieiningu og skrá mælingar t.d. með tölvu • hnitakerfið • kenna nemendum að nota Geogebra við lausn og rannsóknir rúmfræðiverkefna 	<ul style="list-style-type: none"> • nýta fjölbreytt gögn og aðferðir sem henta við úrlausn verkefna • ná tengingu rúmfræði og mælinga við daglegt líf með því að mæla sjálf og reikna t.d. ummál, flatarmál, rúmmál, stærð horna, • rannsaka og leika sér með hugtök og aðferðir rúmfræðinnar á ýmsa vegu í raunverulegum aðstæðum til að dýpka skilning sinn • nýta sér tölvuforrit eins og töflureikni og Geogebra við lausn verkefna • þekkja tengsl mælieininga við rúmfræðihugtök 	
<p>Tölfræði og líkindi</p> <ul style="list-style-type: none"> • safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum • gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim • sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum • dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar • reiknað út líkur í einföldum tilvikum 	<p>Hugtök: gögn, tölfræði, tíðni, meðaltal, tíðasta gildi, miðgildi, líkur</p> <p>skipuleggja samræður nemenda um hugtök, reglur, aðferðir</p> <p>skapa námsumhverfi þar sem t.d. reglur, hugtök, stoðir, verkefni og fjölbreytt gögn eru aðgengileg</p> <p>upprifjun, innlagnir, samræður og stuðningur við lausn verkefna</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýna nemendum ólíka framsetningu á tölulegum gögnum og rýna í þau með þeim, hvað getur blekkt mann og hvað þarf að 	<ul style="list-style-type: none"> • vinna skipulega að settum markmiðum • samræður um hugtök, reglur og aðferðir • nýta fjölbreytt gögn og aðferðir sem henta við úrlausn verkefna • vera gagnrýnin á framsetningu tölulegra gagna • vinna eigin tölfræðirannsókn, safna gögnum, vinna úr þeim, velja framsetningu og segja öðrum frá niðurstöðum 	<p>Hópverkefni matskvarðar munnlegar / skriflegar kannanir</p>

	<p>passa varðandi túlkun og framsetningu</p> <ul style="list-style-type: none">• hvetja nemendur til rannsóknar á tölfræðilegum raunverkefnum að eigin vali þar sem þeir þurfa að safna upplýsingum, vinna úr gögnum, setja þau upp og kynna verkefnið fyrir öðrum• kenna nemendum að nýta sér tölvuforrit við framsetningu á niðurstöðum eigin kannanna• samtal um líkindareikning og líkur, er hægt að reikna út líkur og standast þeir útreikninga	<ul style="list-style-type: none">• læra á tölvuforrit við framsetningu niðurstaðna• læra að reikna út líkur og átta sig á að líkur verða alltaf líkur, ekki klár niðurstaða	
--	---	---	--

7. og 8. Bekkur

Upplýsinga og tæknimennt

Hæfniviðmið	Leiðir (kennari)	Leiðir (nemendur)	Námsmat
<p>Við lok 10. bekkjar getur nemandi:</p> <p>Vinnulag og vinnubrögð</p> <ul style="list-style-type: none">nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingar- öflunar og miðlunarunnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvinduunnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrumnýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan háttbeitt réttri fingrasetningu.	<ul style="list-style-type: none">kynna fyrir nemendum fjölbreytt verkfæri til að nýta við upplýsingaöflun og miðlun efnis t.d. wix, padlet, google skyggur, prezi, QR kóðarhvetja nemendur til sjálfstæðis og að þeir séu óhræddir við nýja hluti og að prófa sig áframskipuleggja einstaklings- og samvinnuverkefni og nemendur eru hvattir til að hjálpa hver öðrumhvetja nemendur til að nota fjölbreyttan tæknibúnað í allri vinnu eins og tölvur, Ipad, prentara, skanna, skjávarpa, snjallsímaleggja fyrir æfingar í fingrasetningu	<ul style="list-style-type: none">nýta tæknina og búnað á fjölbreyttan hátt í hinum ýmsu verkefnum t.d. í þemum, við upplýsingaöflun, vinnu og miðlunvinna sjálfstætt og þora að prófa og “fikta”vinna í samvinnu við aðra og hjálpa öðrumþjálfa rétta fingrasetningu	<ul style="list-style-type: none">sjálfsmatfingrasetningarverkefnileiðsagnarmat
<p>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</p> <ul style="list-style-type: none">nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleitnýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. itarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leið- réttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýnibeitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirraunnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum	<ul style="list-style-type: none">kynna fyrir nemendum leiðir til að afla sér upplýsinga m.a. á netinu og í bókumkenna nemendum að nýta margvísleg hjálparforrit í verkefnavinnu t.d. Snara.is, Skrambi, malfar.arnastofnun.is, google leitskipuleggja samræður um gæði upplýsinga og góða heimildanotkun nýta til þess samræðuforritið Flipgridkenna nemendum hvaða reglur gilda við heimildaöflun og skráningu heimilda	<ul style="list-style-type: none">afla sér upplýsinga, bæði af neti og í bókum við almenna verkefnavinnunýta sér hin ýmsu hjálparforrit við verkefnavinnuvinna með upplýsingar og heimildireiga samræður um gæði upplýsinga og heimildavinna heimildaritgerð þar sem setja á upp heimildaskrásetja upp heimildaritgerð og önnur verkefni samkvæmt fyrir mælumvinna verkefni í töflureikni og	<ul style="list-style-type: none">sjálfsmatheimildaritgerð - leiðsagnarmat

<ul style="list-style-type: none"> • nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang • nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum. 	<ul style="list-style-type: none"> • kynna fyrir nemendum google skjöl og hvernig hægt er að nýta þau verkfæri sem forritið býður upp á sem best • kynna fyrir nemendum google töflureikni og hvernig þeir geta nýtt forritið til að setja fram töluleg gögn 	<p>þjálfá sig í að setja fram töluleg gögn</p>	
<p>Tækni og búnaður</p> <ul style="list-style-type: none"> • nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna • nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda • nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar 	<ul style="list-style-type: none"> • kenna nemendum á google skjöl og google töflureikni • kynna fyrir nemendum t.d. google myndir, incredibox, Imovie, Movie maker • kynna fyrir nemendum t.d. smore, weebly 	<ul style="list-style-type: none"> • vinna verkefni í skjölum og töflureikni • æfa sig í myndvinnslu, stuttmyndagerð og tónvinnslu með ýmsum forritum • æfa sig í gerð og notkun heimasíðu 	<ul style="list-style-type: none"> • sjálfsmat • leiðsagnarmat • verkefni
<p>Sköpun og miðlun</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu • nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • skoða hugbúnað, eðli og uppbygging tölvu með nemendum t.d. á youtube og með því að rífa tölvuturn • kynna fyrir nemendum einfalda forritun t.d. code.org og microbit • tryggja að nemendur geti nýtt sér ólíkar leiðir við miðlun t.d. wix, smore, weebly, padlet, google skyggur, prezi, QR kóða, myndbönd 	<ul style="list-style-type: none"> • grandskoða uppbyggingu tölvu og fara í leitarnám um eðli hennar • æfa sig í einföldum forritunar verkefnum • nota fjölbreyttar leiðir til miðlunar verkefna 	<ul style="list-style-type: none"> • sjálfsmat
<p>Siðferði og öryggismál</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu • nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð 	<ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja samræður um ábyrgð um meðferð og dreifingu gagna • skipuleggja samræður og verkefnavinnu um persónuvernd og notkun samskiptamiðla 	<ul style="list-style-type: none"> • eiga samræður um ábyrgð þeirra í meðferð og dreifingu upplýsinga og heimilda • eiga samræður um siðferði, ábyrgð og persónuvernd í notkun samskiptamiðla og dreifingar efnis á neti • vinna verkefni um samskiptamiðla og notkun snjalltækja 	<ul style="list-style-type: none"> • sjálfsmat • verkefni • leiðsagnarmat

7. og 8. Bekkur

Sjónlistir

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfna hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir: eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: Leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 7. og 10. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 7. og 10. bekkjar.

Námsþáttur

7. - 8. bekkur

Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta:

- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,
- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk,
- byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,
- beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,
- fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur,
- gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð,
- greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka,
- greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.

Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla,
- skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal,
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,

- ,notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og færð rök fyrir þeim út frá eigin gildismati,
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,
- greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr,
- greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,
- túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi,
- greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.

Hæfniviðmið

Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunaraflsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Þessum tengslum er lýst myndrænt hér til hliðar.

7. og 8. Bekkur

Enska

7. og 8. Bekkur

Danska

7. og 8. Bekkur

Íþróttir

Kennari: Harpa Helgadóttir

Námsmat: Staðlaðir listar yfir mælanlega þætti sem prófað verður úr.

Heilsa og efling þekkingar Umræður og jafningjamat

Hæfniviðmiði	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">• Notað hugtök sem tengjast íþróttaiðkun og líkama.• Þekkt muninn á mismunandi æfingaráttum.• framkvæmt æfingar sem reyna á þol, styrk, stöðugleika og jafnvægi, samhæfingu,• gert flóknar samsettar æfingar og sýnt leikni og þekkingu í undirstöðuatríðum nýrra eða áður lærðra hóp- og einstaklingsíþróttar.• Framkvæmt æfingar sem efla og reyna á gróf- og fínhyringar.• Framkvæmt æfingar og leiki sem reyna á samsettar hreyfingar og efla samhæfingu, stundað æfingar og leiki sem reyna á samhæfingu augna og handa eða mismunandi vöðvahópa.• Fundið farveg fyrir hreyfiþörf sína í fjölbreyttum æfingum og leikjum í gegnum mismunandi íþróttagreinar.• Upplifað hvernig æfingar og leikir hafi jákvæð áhrif á líðan hans• Geta tekið þátt í stöðluðum prófum sem meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.• Haft jákvætt viðhorf gagnvart ýmsum hóp- og einstaklingsíþróttum,• borið virðingu fyrir mismunandi getu félaga sinna.	<ul style="list-style-type: none">• Leikir sem veita útrás fyrir hreyfiþörf, ýmsir leikjir sem efla líkamspól, hraða og viðbragð.• Æfingar sem efla kraft, þol, viðbragð, gróf- og fínhyringar, liðleika og samhæfingu.	<p>Virgni og vinnusemi, símat. Verklegt próf sem mæla þol, styrk, snerpu, liðleika, samhæfingu og knattækni.</p>
<p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">• Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	<ul style="list-style-type: none">• Leikir sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa.• Vinna ýmis verkefni í misstórum hópum þar sem reynir á tillitsemi, umburðarlyndi og þolinmæði. Jákvæðni og hvatning	<p>Félagslegir þættir Virðing, viðleitni og viðhorf, símat</p>

<ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í öllu sem fyrir er lagt í kennslustund, með opnum huga. • Þjálfast í verkefnum þar sem reynir á tillitssemi, umburðarlyndi, þolinmæði. • Áttað sig á mikilvægi samvinnu í íþróttum og leikjum. • Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt. • Þekki mun á ofbeldi og snertingu í íþróttum. • Þjálfast í að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á hópvinnu sem snýr að íþróttum og leikjum. • Rætt um einelti og stríðni og brugðist við því á æskilegan hátt. • Tileinkað sér samvinnu og tillitssemi gagnvart samnemendum. • Öðlast enn frekari skilning og raunsætt mat á eigin getu og færni. • Tekist á við aðstæður í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félagu eða félögum hvatningu og upplifað jákvæða hvatningu til frekari íþróttaiðkunar 		
<p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Geti nýtt sér æfingar sem efla líkamspól, hjarta- og blóðrásarkerfi. • Nýtt sér stöðluð þrekpróf til að byggja upp eigið þrek og líkamshreysti. • Þekkir og getur nýtt sér stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti og líkamspól. • Þekkt mikilvægi hreyfingar og umhirðu líkamans fyrir eigin velferð og heilsu. • Þekkt æfingar sem efla kraft, hraða og viðbragð og þjálfað þrek sitt og þol í gegnum ýmsar íþróttagreinar og leiki. • Iðkað íþróttir, leiki og útihlaup á skólalóð og eða í nærsamfélagi og geti nýtt sér fjölbreyttar aðferðir til daglegrar hreyfingar. • Sagt frá jákvæðri upplifun kennslustunda í íþróttum og rætt um jákvæða sjálfsmynd og fjölbreytta möguleika til hreyfingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leikir og æfingar sem efla líkamspól, hraða, viðbragð og kraft. • Veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar. • Samvinna, tillitsemi og umburðarlyndi 	<p>Heilsu og efling þekkingar Virðing, viðleitni og viðhorf, símat</p>

<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p> <ul style="list-style-type: none">• Beitt helstu atriðum skyndihjálpar og endurlífgun og brugðist við óvæntum aðstæðum sbr. slys eða óhapp í íþróttatíma• Geti gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis – og umgengnisreglna og tekið ákvarðanir á þeim grunni.• Þekki helstu reglur um umgengni og öryggi í íþróttahúsum, farið eftir þeim og reglum kennara.• Umgengist samnemendur í leikjum og íþróttum af virðingu og öryggi.• Umgengist tæki og áhöld á öruggan og ábyrgan hátt.	<ul style="list-style-type: none">• Geti sagt frá helstu reglum um umgengni og öryggi í íþróttamannvirkjum og farið eftir þeim.• Læri að bregðast við óhöppum	<p>Öryggis- og skipulagsreglur Virðing, símat</p>
--	--	--

7. og 8. Bekkur

Sund

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">Við lok 7. bekkjar getur nemandi: Gert æfingar sem reyna á loftháð þol. Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.Við lok 8. bekkjar getur nemandi: Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol. Sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, skriðsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.	<ul style="list-style-type: none">Nemandi þjálfir sig í að fara eftir reglum á sundstöðum. Í lok sjöunda bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti:<ul style="list-style-type: none">300 m bringusund, tímamörk: synt á innan við 10 mínútum.50 m skólabaksund15 m björgunarsund með jafningja – 8 m kafsund.50 m bringusund, synt undir 1:14 mín25 m skriðsund, synt undir 32 sek	<p>Leiðsagnarmat:</p> <ul style="list-style-type: none">Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt.Einnig er gefin umsögn um virkni, hegðun og hæfni nemanda til að fara eftir fyrirmælum.Lokamat: Einkunn gefin í bókstöfum
<p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.Rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.		
<p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none">Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.Útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja.Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.Tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.Nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.		

<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p> <ul style="list-style-type: none">• Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis og umgengisregla, tekið ákvarðanir á þeim grunni og brugðist við óvæntum aðstæðum.• Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda.• Bjargað jafningja á björgunarsundi.		

9. og 10. bekkur

Íslenska

9. og 10. Bekkur

Textíll

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfar hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemandur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósin í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 10. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 10. bekkjar.

Námsþáttur	9. - 10. bekkur
Handverk aðferðir og tækni.	Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða,• rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði,• unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
Sköpun hönnun og útfærsla.	Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu,• skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt,• lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök,• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnað
Menning og umhverfi.	Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• útskýrt tjáningarmáta og tákni textíla og tísku út frá mismunandi stíl, áferð og efniskennd, í tengslum við sérkenni íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs,• fjallað um helstu tákni og merkingar vefjarefna,• sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun,• sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.
Menningarlæsi.	Við lok 10. bekkjar getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna,• hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði,• tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi,

- skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga,
- beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt,
- sett verkefni sín í menningarlegt samhengi,
- tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir,
- sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði,
- metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.

9. og 10. Bekkur

Hönnun og smíði

Umsjónarkennari: Einar Bjarki Sigurjónsson

Kennsluaðferðir: Sýnikennsla og æfingar

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 10. bekkjar sem við höfum að leiðarljósi í smíðatímum.

Námsþáttur	9. - 10. bekkur
Handverk	Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,• sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.
Hönnun og tækni	Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,• unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,• framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skráfun,• hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu,• sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu,• gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.
Umhverfi	Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none">• greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval,• gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra,• beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar

9. og 10. Bekkur

Náttúrugreinar

9. og 10. Bekkur

Samfélagsgreinar

9. og 10. Bekkur

Stærðfræði

Hæfniviðmið Við lok 7. bekkjar getur nemandi að geta:	Leiðir (kennari)	Leiðir (nemendur)	Námsmat

9. og 10. Bekkur

Sjónlistir

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir: Eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: Leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 10. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 10. bekkjar.

Námsþáttur

9. - 10. bekkur

Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, • skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal,
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,
- notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati,
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,
- greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr,
- greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,
- túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi,
- greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.

Hæfniviðmið

Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafslsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfa orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Þessum tengslum er lýst myndrænt hér til hliðar.

9. og 10. Bekkur

Enska

9. og 10. Bekkur

Danska

9. og 10. Bekkur

Íþróttir

Kennari: Harpa Helgadóttir

Námsmat: Staðlaðir listar yfir mælanlega þætti sem prófað verður úr.

Heilsa og efling þekkingar Umræður og jafningjamat

Hæfniviðmiði	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">Sýnt leikni og þekkingu í undirstöðuatríðum nýrra eða áður lærða hóp- og einstaklingsíþróttar sem stundaðar eru hér á landi.Framkvæmt samsettar hreyfingar sem reyna á mismunandi vöðvahópa.Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu og þekkt undirstöðuatríði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi.Framkvæmt æfingar og leiki sem reyna á samsettar hreyfingar og efla samhæfingu.Framkvæmt æfingar sem efla og reyna á gróf- og fínhyfingar.Stundað æfingar og leiki sem reyna á samhæfingu augna og handa eða mismunandi vöðvahópa.Fundið farveg fyrir hreyfipörf sína í fjölbreyttum æfingum og leikjum og upplifað hvernig íþróttir og leikir hafa jákvæð áhrif á líkamlega og andlega vellíðan.	<ul style="list-style-type: none">Leikir sem veita útrás fyrir hreyfipörf, ýmsir leikjir sem efla líkamspól, hraða og viðbragð.Æfingar sem efla kraft, þol, viðbragð, gróf- og fínhyfingar, liðleika og samhæfingu.	<p>Virgni og vinnusemi, símat. Verklegt próf sem mæla þol, styrk, snerpu, liðleika, samhæfingu og knattækni.</p>
<p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">Skýrt mikilvægi leikreglna, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.Þjálfist í að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á hópvinna sem snýr að íþróttum og leikjum.Rætt um einelti og stríðni og brugðist við því á æskilegan hátt.	<ul style="list-style-type: none">Leikir sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa.Vinna ýmis verkefni í misstórum hópum þar sem reynir á tillitsemi, umburðarlyndi og þolinmæði. Jákvæðni og hvatning	<p>Félagslegir þættir Virðing, viðleitni og viðhorf, símat</p>

<ul style="list-style-type: none"> • Tileinkað sér samvinnu og tillitsemi gagnvart samnemendum. • Öðlist enn frekari skilning og raunsætt mat á eigin getu og færni og tekist á við aðstæður í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum hvatningu. • Sýnt öðrum virðingu og umburðarlyndi í leik og starfi, • gert sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni og upplifað jákvæða hvatningu til frekari íþróttaiðkunar 		
<p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýtt sér æfingar sem efla líkamspól, hjarta- og blóðrásarkerfi. • Þekkt og nýtt sér stöðluð þrekpróf til að byggja upp eigið þrek og meta eigin líkamshreysti. • Þekkt mikilvægi hreyfingar og umhirðu líkamans gagnvart eigin velferð og heilsu. • Þekki æfingar sem efla þol, kraft, hraða og viðbragð og geti þjálfað þrek og þol sitt á leikrænan þátt í gegnum ýmsar íþróttgreinar. • Iðkað íþróttir, leiki og útihlaup á skólalóð og í sínu nærsamfélagi og nýtt sér fjölbreyttar aðferðir og mismunandi íþróttgreinar til daglegarar hreyfingar. • Sagt frá hvernig og af hverju mikilvægt er að hafa jákvætt viðhorf í íþróttatímum. • Rætt um jákvæða sjálfsmynd og fjölbreytta möguleika til hreyfingar 	<ul style="list-style-type: none"> • Leikir og æfingar sem efla líkamspól, hraða, viðbragð og kraft. • Veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar. • Samvinna, tillitsemi og umburðarlyndi 	<p>Heilsu og efling þekkingar Virðing, viðleitni og viðhorf, símat</p>
<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkt helstu reglur um umgengni og öryggi í íþróttahúsum, • fylgt settum reglum og brugðist á réttan hátt við fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna. • Fylgt reglum í búningsklefum og baðaðstöðu. • Brugðist við óvæntum aðstæðum sbr. slys eða óhöpp í íþróttatíma. • Umgengist áhöld og tæki á öruggan og ábyrgan hátt. • Sýnt starfsfólki tillitssemi og virðingu 	<ul style="list-style-type: none"> • Geti sagt frá helstu reglum um umgengni og öryggi í íþróttamannvirkjum og farið eftir þeim. • Læri að bregðast við óhöppum 	<p>Öryggis- og skipulagsreglur Virðing, símat</p>

9. og 10. Bekkur

Sund

Kennari: Harpa Helgadóttir

Kennsluaðferðir: Hver tími er 60 mínútur að lengd. Kennslan fer fram í formi leikja, tækniþjálfunar og stöðvapjálfunar. Áhersla er grunnkennslu helstu sundtaka. Byggt er ofan á þann grunn sem þau hafa fengið á fyrra stigi. Þjálfun með og án áhalds með ýmsum samsettum hreyfingum í vatni. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Lögð er áhersla á virðingu, ábyrgð og vinsemd.

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiði	Námsmat
<p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p> <ul style="list-style-type: none">Við lok 9. Bekkjar getur nemandi: Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol. Sýnt leikni og sýnt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.Við lok 10. bekkjar getur nemandi: Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol. Sýnt leikni og sýnt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.	<ul style="list-style-type: none">Nemandi þjálfir sig í að fara eftir reglum á sundstöðum.Í lok níunda bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti:<ul style="list-style-type: none">500 metra þolsund.Sund í fötum; stunga af bakka, 50 metra fatasund þar af 8-10 metra kafsund. Troða marvaða og afklæðast á sundi. Synda sömu vegalengd til baka.100 m bringusund; drengir undir 2:20 mín, stúlkur undir 2:25 mín.50 m skriðsund; drengir undir 60 sek, stúlkur undir 1:02 mín.25 m baksund; drengir undir 32 sek, stúlkur undir 34 sek.Í lok tíunda bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti:<ul style="list-style-type: none">Bringusund í 20 mínútur. Lágmarksvegalengd 600 metrar. – 50 m bringusund, stílsund.12 metra kafstund, stílsund.Björgun af botni laugar og 25 metra björgunarund.	<p>Leiðsagnarmat:</p> <ul style="list-style-type: none">Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt. Einnig er gefin umsögn um virkni, hegðun og hæfni nemanda til að fara eftir fyrir mælum. Lokamat Einkunn gefin í bókstöfum.A Nemandi getur framkvæmt mjög vel allar sundaðferðir og hefur mjög gott þol í sundi. Gert á skýran hátt góða grein fyrir gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt mjög vel og á skýran hátt hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér mjög vel öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt, útskýrt og beitt flestum atriðum skyndihjálpar; endurlífugun og björgun úr vatni og notað af öryggi björgunaráhöld. Sýnt af öryggi
<p>Félagslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none">Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.Rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.		
<p>Heilsa og efling þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none">Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum.		

<ul style="list-style-type: none"> • Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans. 		<p>25 m björgunarsund með jafningja.</p>
<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis-og umgengnisregla og brugðist við óvæntum aðstæðum. • Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda. • Bjargað jafningja á björgunarsundi. 	<ul style="list-style-type: none"> – Tímataka: 100 m bringusund Drengir 2:15 mín stúlkur 2:20 mín. – Tímataka: 50 m skriðsund Drengir 55 sek stúlkur 58 sek – Tímataka: 50 m baksund Drengir 1:05 mín stúlkur 1:08 mín 	<ul style="list-style-type: none"> • B Nemandi getur framkvæmt vel allar sunaðferðir og hefur gott þol í sundi. Gert vel grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt vel hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt, útskýrt og beitt helstu atriðum skyndihjálpar; endurlífgun og björgun úr vatni og notað björgunaráhöld. Synt 25 m björgunarsund með jafningja. • C Nemandi getur framkvæmt nokkuð vel allar sunaðferðir og hefur nokkuð gott þol í sundi. Gert grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans á viðunandi hátt og hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér nokkuð vel öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt, útskýrt nokkuð vel helstu atriði skyndihjálpar og björgun úr vatni og notað björgunaráhöld. Synt 15 -25 m björgunarsund með jafningja.